

Tillaga stjórnar til breytinga á lögum Golfklúbbsins Keilis lögð fram á aðalfundi þann 15. desember 2020:

1. gr.

8. gr. breytist og hljóði svo (**breytingatillögur undirstrikaðar og/eða yfirstrikaðar**):

Stjórn Keilis skipa sjö félagsmenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Keilis eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Heilmilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti. Fundargerðir skulu haldnar um fundarstörf stjórnar. Ársreikningur félagsins skulu endurskoðaðir af ~~löggi~~ endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi sem skal kosinn á aðalfundi félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum í félaginu, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn er ályktunarhæf þegar fimm stjórnarmenn sækja fund, þar á meðal formaður eða staðgengill hans. Verði atkvæði jöfn á stjórnarfundum telst tillaga að svo stöddu fallin og skal hún þá tekin til afgreiðslu að nýju eins fljótt og kostur er að viðstöddum öllum stjórnarmönnum. Kjörgengir til stjórnarstarfa eru allir lögráða félagsmenn. Atkvæðisrétt á félagsfundum og kjörgengi til annarra trúnaðarstafa hafa allir félagsmenn sem skuldlausir eru við klúbbinn og orðnir eru fullra sextán ára á fundardegi.

Stjórnarmenn skulu undanþegnir árgjöldum.

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

2. gr.

11. gr. breytist og hljóði svo (**breytingatillögur undirstrikaðar og/eða yfirstrikaðar**):

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald um málefni félagsins.

Aðalfundur skal halda fyrir desemberlok ár hvert.

Til hans skal boða með mest fjögurra vikna og minnst ~~einnar viku~~ 10 daga fyrirvara á tryggilegan hátt. Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um málefni félagsins sé löglega til hans boðað.

Í fundarboði skal greina sundurliðaða dagskrá.

Óheimilt er að taka ákvörðun um önnur mál en þau sem kynnt hafa verið í dagskrá fundarins.

3. gr.

13. gr. breytist og hljóði svo (**breytingar undirstrikaðar og/eða yfirstrikaðar**):

Störf aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmd á síðastliðnu ári.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.

3. Stjórnarkosning.

4. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í þau samtök, sem Keilir er aðili að.

5. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafélags.

65. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykkis.

76. Önnur mál

Fundargerðir skulu haldnar um störf aðalfundar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að fenginni staðfestingu ÍSí.

Greinargerð:

Stjórn Keilis leggur til að í stað núverandi fyrirkomulags varðandi stjórnarkjör þá verði bundið í lög félagsins að framboð til stjórnar skuli berast skrifstofu Keilis eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Samhliða er sett fram breytingatillaga hvað varðar lágmarksfrest til boðunar aðalfundar, þannig að þeir sem hafa hug á að bjóða fram krafta sína í þágu félagsins hafi enn ráðrúm til þess tilkynna um framboð sitt eftir að dagsetning aðalfundar hefur verið auglýst. Breytingatillagan er í anda þess sem aðrir golfklúbbar hafa ráðist í. Tillagan er að mati stjórnar til þess fallin að gera framkvæmd aðalfundar markvissari og gefur um leið færi á kynningu frambjóðenda í aðdraganda aðalfundar.

Stjórn Keilis leggur til að fært verði í lög félagsins heimild til þess að halda rafrænar kosningar til þess að taka af allan vafa þar um.

Stjórn Keilis telur mikilvægt í ljósi kostnaðar að það sé lagt í hendur stjórnar hverju sinni hvort framkvæmd sé löggild endurskoðun ársreiknings.